

Nýibær, Flæðavegur 4. Jónshúsið.

Landnr: 151467

Fastanr:2154799

(Svarfdælingar II bindi bl. 447)

Purrabúðin Nýibær á Böggvisstaðasandi virðist vera reist árið 1884 og var torfbær. Árið 1887 flyst Jón Stefánsson þangað og 1899 reisti hann timburhús mikið sem enn stendur, elsta húsið á Dalvík, oft kallað Jónshús.

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 1 ha. Leigulóð girt með gaddavír. Íbúðarhús 7,5 x 5,63 m vegg hæð frá kjallara 3,13 m rishæð 2 m. Timburhús á steiptum kjallara útveggir og þak járnklætt. Á 1 hæð, 6 herbergi og forstofa, eldhús og geymslur í kjallara. Vandað hús og hirðing og viðhald gott, rakalaust og hlýtt. Einn steypdur reykháfur.

Hlaða úr steinsteypu og þak úr járn 5,63 x 3,75 m
Skúr úr steinsteypu og þak úr járn 3,75 x 2,5 m (fjós) 3 timburskúrar með pappabaki 5,63 x 3,75 m og 5,63 x 3,75 m og 3,75 x 1,88 m.



Nýibær frá um 1935

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Portbyggt steinhús á hlöðnum kjallara, tvílyft. Húsið lítið sem ekkert skemmt nema reykháfur sem er ónýtur. Húsráðendur Kristján Eldjárn Jónsson og Þórey Friðbjörnsdóttir

Stutt saga húss:

Samkvæmt Sögu Dalvíkur 1. bindi bls. 318 smíðaði Jón Stefánsson húsið að mestu sjálfur en gluggana smíðaði Þorsteinn sonur hans. Húsið mun hafa verið eitt af fyrstu húsum á Dalvík sem ekki var byggt úr torfi og grjóti. Kjallararými reyndist heldur lítið, einkum var lágt til lofts. Tók Jón því til þess bragðs nokkrum árum síðar að lyfta húsinu af grunni og steypa rúmgóðan kjallara. Með þeim aðgerðum fékkst sæmilegt smíðaverkstæði og geymsla.

Í eldhúsinu á Nýjabæ var fyrsta pósthús Dalvíkinga en Jón Stefánsson var pósthirðingamaður frá lokum nítjándu aldar fram á fjórða áratug þessarar aldar.

Í taugaveikisfaraldi 1908 varð Nýibær eins konar stofufangelsi 13 - 14 manns. Í dag er húsið í eigu afkomenda Jóns og er notað sem sumarhús.



Athugasemd um hús:

Árið 1985 voru gerðar endurbætur á húsinu. Bárújárnsklæðning sem hafði verið á húsinu frá upphafi var tekin, húsið einangrað og klætt aftur með nýju bárújárni. Útitröppur endurnýjaðar einnig í upphaflegri mynd. Það voru afkomendur Jóns Stefánssonar fyrsta eigenda hússins sem stóðu fyrir þeim endurbótum. Húsið er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldurs.



Nýibær árið 2011

Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið Nýibær stendur á 294,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Þess má geta að í garðinum við húsið stendur minnisvarði frá árinu 1983 um Jón Stefánsson og konu hans, Rósu Þorsteinsdóttur, en

minnisvarðinn var reistur af afkomendum þeirra. Á hann eru lettraður eftirfarandi ljóðlínur eftir Davíð Stefánsson

...allt, sem grær, ber merki fornra minja.
 Hvert moldarfræ er vöxtur tveggja kynja.
 Og sami réttur er þeim báður borinn.
 Frá barnsins vöggju liggja ævisporin
 að myrkri gröf, sem eilífð vakir yfir.
 Við yrkjum sömu jörð - og stofninn lifir.



Minnisvarðinn sunnan við Nýabæ

	Eigenda og íbúaskrá	
<i>Tímabil</i>	<i>Eigendur/íbúar</i>	<i>Börn</i>
1899-1935 -1928	Jón Stefánsson Rósa Þorsteinsdóttir	Þorsteinn (1879) Jónína (1887) Sigurður Páll (1890) Petrína Þórunn (1891) Kristján Eldjárn (1996) Kristín Sigríður (1899)
1923-1928	Sigurður Páll Jónsson (húsráðandi)	
1928-1976 -1977	Kristján Eldjárn Jónsson Þórey Friðbjörnsdóttir	Jóna (1926) Júlíus (1930) Friðbjörn (1932)
1979 -2002	Friðbjörn Kristjánsson Júlíus Kristjánsson Jóna Kristjánsdóttir }	Eigendur eftir foreldra sína
1977-1978	Steindór Sigfússon Jóhanna Óskarsdóttir	Ragna Kolbrún Ragnarsd.(1971)
1979-1980	Sigvaldi Júlíusson Karen Eiríksdóttir	Ragnheiður (1980)
1980-1981	Guðjón Svarfd. Brjánssin	
1980-83	Örn Arngrímsson Kristín Júlíusdóttir	
1983-84	Valvimar Þór Hrafnkelsson Hólmfríður M Sigurðardóttir	Janus Þór (1978)
1985-1986	Þorsteinn J Haraldsson Jónína Amalía Júlíusdóttir	Júlíus Gunnar Barkarson (1980) Guðríður A Þorsteinsd (1982)
1986-1987	Frank Róbertsson Hildur Gunnarsdóttir	Stefán H Brynjólfsson (1978) Selma Rut Franksdóttir (1983)

1987-1988	Björk Sturludóttir	
1987-1988	Torfi Húnfjörð Sigurðsson Guðrún Sigurðardóttir	Unnþór (1977) Elvar Páll (1987)
1988-1989	Gunnar Þorsteinsson Sólveig Hallsdóttir	Heiðar (1985)
1991-1992	Guðlaug Arna Jóhannsdóttir	
1991-1992	Sævar Guðjónsson Sigurlaug Þ Guðbrandsdóttir	Örvar Andri (1990)
1993-1995	Hrefna Zoéga	Hjálmar Joensen (1990)

(Svarfdælingar II bindi bl. 445)

Þurrabúðin Sandgerði var reist á Böggvisstaðasandi 1881 og var fyrsta byggða bólið þar, að því er best er vitað, sem hélst til frambúðar. Er enn búið á þessum stað og hefur hann alla tíð haldið sama nafni. Þarna var fyrst torfbær en timburhús var byggt þar 1910 og stendur enn.

(Fasteignarmat 1931)

Lóð 0,58 ha. Leigulóð girt með vírneti og gaddavír. Íbúðarhús: 6,35 x 5,73 m. vegg hæð frá kjallara 3,28 m rishæð 2,0 m. Timburhús á steiptum kjallara, útveggir úr timbri, þak úr timbri og járnvarið, gólf og loft úr timbri. Tvær íbúðir, 3 herbergi og eldhús. 1 reykháfur steiptur. Rakalaust en kalt. Byggt 1907. eigandi Angantýr Arngrímsson.



Sandgerði um 1940

(Saga Dalvíkur III bindi, bl. 292)

Íbúðarhús á steinsteiptum kjallara, ein hæð með porti og risi. Þrjú herbergi í kjallara. Fjögur herbergi á aðalhæð, uppganga á lofthæð og eru þar tvö herbergi. Húsið allt þiljað, málað og veggfóðrað, utan tvö herbergi. Timburskúr (l : 5,3 – b: 4,5 – h: 2,0) áfastur íbúðarhúsi, innbyggður sem fjós og fjárhús. Járnþak á öllu.

Stutt saga húss:

Angantýr Arngrímsson endurbyggði húsið 1910 og reisti það að mestu leyti á rústum gamla torfbæjarins, þó heldur neðar, þ.e. nær tjörninni. (Saga Dalvíkur I, bl. 327). Þarna bjó hann til 1924 en þá flutti hann til Þingeyrar. Arngrímur Jóhannesson og kona hans Jórunn Antonsdóttir frá Hamri eignuðust þá húsið. Þau bjuggu þar ásamt dóttur sinni Ingibjörgu og hennar manni, Gunnari Kristinssyni til 1961 en þá kaupir Þorgils Sigurðsson póstmestari og kona hans Ragnheiður Jónsdóttir húsið og þau búa þar þangað til þau flytja í Símsstöðvarhúsið 1963. Ari Jóhannsson og Dagbjört Jónsdóttir frá Búrfelli keyptu þá húsið og 1973 kaupir Ari Vigfússon frá Þverá í Skíðadal af nafna sínum og býr í húsinu til 1994.



Svanfríður Jónsdóttir á húsið til 1996 en þá kaupir Sverrir Björgvinsson en hann bjó þar frá 1994 og á það til ársins 2000 þegar hann selur núverandi eiganda, Altonina Kuznecova.

Athugasemd um hús:

Húsið var upphaflega timburklætt en einhvertímamill 1920 og 30 er það forskalað, það gerði Nuling, norskur múrari sem var hér um það leiti. Húsið er svo nokkurn veginn óbreytt þar til 1996 þegar Sverrir eignast það og lagfærir, enda þá orðið mjög illa farið. Hann skiptir um fúin fótstykki og lagfærir klæðningu. Eftir að Antonina eignaðist húsið hefur húsið verið lagfært mikið, gert við múrskemmdir og húsinu sýndur mikill sómi. Húsið er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar vegna aldurs síns.



Sandgerði árið 2011

Athugasemd um umhverfi húss:

Sandgerði stendur á 472,0 m² leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Lóð girt af með timburgrindverki, trjágróður. Skúr stendur á lóðarmörkum en er að mestu á næstu lóð norðanvið.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur/ábúendur	Börn
1907-1923	Angantýr Arngrímsson , kaupmaður og búfræðingur Elín Rannveig Tómasdóttir.	Ingunn Elín (1909)
1923-1961 -1960	Arngrímur Jóhannesson Jórunn Antonsdóttir	Árni (1920) Ingibjörg (1921) Þóra (1927)
1960-1961	Gunnar Kristinsson Ingibjörg Arngrímsdóttir	Gígja (1953) Úlfar (1956)
1961-1963	Þorgils Sigurðsson Ragnheiður Jónsdóttir	Þórunn (1946) Rósa (1951) Kristín Sigríður (1955)
1963-1973	Ari Jóhannsson Dagbjört Baldvinsdóttir	Reynir (1947) Margrét Baldvina (1962)
1963-1975	Baldvin Arngrímsson Margrét Kristjánsdóttir	
1963-1980	Jóhannes Jóhannsson frá Búrfelli.	
1973-1994	Ari Vigfússon	
1994-1996	Svanfríður Jónsdóttir	
1994-2000 -1995	Sverrir Björgvinsson Karen Reynisdóttir	
2000	Antonina Kuznecova Sergejs Kuznecova	Aleksejs (1986)